

Læknisvottorð vegna umsóknar um starfsnám MSL umsóknarárið 2020



Mennta- og
starfspróunarsetur
lögreglu

Vottorðið skiptist í tvo hluta: Fyrri hluta fyllir umsækjandi út sjálfur. Læknir sem gerir síðari hluta vottorðs les upplýsingarnar yfir og staðfestir réttmæti þeirra. Síðari hluti vottorðs útfyllist af sérfræðingi í heimilislækningum á heilsugæslustöð umsækjanda.

Vottorðinu fylgja leiðbeiningar fyrir mat á heilbrigði umsækjenda vegna umsóknar um starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu (aftast).

Það er á ábyrgð umsækjanda að öllum spurningum sé svarað og að allir viðeigandi reitir séu útfylltir, að öðrum kosti telst vottorðið ógilt.

Nauðsynlegt er, að umsækjendur sem haldnir eru einhverjum þeirra sjúkdóma sem teljast til útilokandi þátta fyrir námið, en óska samt eftir mati á því hvort umsókn þeirra komi til greina, láti greinargerð sérfræðilæknis fylgja með læknisvottorðinu, en sá sérfræðilæknir verður að vera sérfræðingur í þeirri sérgrein sem sjúkdómurinn fellur undir. Að öðrum kosti telst vottorðið ógilt.

Óskað er eftir skriflegri heimild til þess að trúnaðarlæknir leiti upplýsinga um umsækjanda í Heilsugátt, þegar við á. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál samkvæmt 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Nafn umsækjenda	Kennitala umsækjenda

Heimasími	Vinnusími	GSM

1. hluti fyllist út af umsækjanda

1. Tekur þú lyf að staðaldri?	Nei <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/>	Ef já, hvaða lyf og hvers vegna ?
2. Notar þú eða hefur þú notað vaxtaukandi efni?	Nei <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/>	

3. Ertu með ofnæmi?	Nei <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/>	Ef já, hvaða ofnæmi ? Hvernig lýsa einkenni ofnæmis sér ?
----------------------------	---	--

Undirskrift læknis og stimpill

4. Ert þú með eða hefur þú einhvern tímann haft einn eða fleiri af neðantöldum sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum? Ef svo er ertu beðin/nn að taka fram nafn hans, hvenær hann byrjaði og hvenær honum lauk. Ef þú þjáist af afleiðingum hans þarft þú að láta þess getið. Ef þetta er sjúkdómur sem að öllu jöfnu telst útilokandi þáttur fyrir námið en óskar eftir sérstöku mati mtt undanþágu, þá verður skriflegt mat frá sérfræðingi í viðkomandi sjúkdómi að fylgja umsókninni.

Sjúkdómur/kvilli	Nei	Já (hvaða sjúkdómur/kvilli)	Greinagerð sérfræðings fylgir
a. Augu Augnasjúkdómur Skert sjón Litblinda	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
b. Eyru Skert heyrn Truflanir á jafnvægi Endurtekin svimaköst	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
c. Tal Mikið stam Málgallar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
d. Taugakerfi Taugasjúkdómur Gengist undir aðgerða á taugakerfi Orðið fyrir áverka á taugakerfi Æðagúll í höfði. Truflanir á starfsemi taugakerfis Flogaveiki Fengið flogakast á síðastliðnum 10 árum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
e. Meðvitund Endurtekin yfirlit Drómarsýki (narcolepsy) Slekjukast (cataplexy) Kæfisvefn	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>

Undirskrift lækis og stimpill

Sjúkdómur/kvilli	Nei	Já (hvaða sjúkdómur/kvilli)	Greinagerð sérfræðings fylgir
f. Hjarta og æðakerfi Hjartasjúkdómur Fengið endurteknar hjartsláttatruflanir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
g. Lungu og loftvegir Skerta lungnastarfsemi Astma Aðra bólgusjúkdóma í lungum Ert þú með ofnæmi/bráðaofnæmi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
h. Nýru og þvagvegir Nýrnasjúkdómur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
i. Meltingarfæri. Bólgusjúkdóm í görnum. Aðra sjúkdóma í meltingarfærum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
j. Efnaskipti Sykursýki Truflanir á starfsemi skjaldkirtils Aðra efnaskiptasjúkdóma	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
k. Blóðsjúkdómur og blóðþynning. Sjúkdómur sem veldur aukinn blæðingarhneigð Aukna blóðsegahneigð Aðra blóðsjúkdóma Notar þú blóðþynningarlyf að staðaldri?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
l. Stoðkerfi Liðagikt, slitgikt eða aðra bólgusjúkdóma í liðum Hefur þú orðið fyrir alvarlegu slysi eða áverka á stoðkerfi Sjúkdóma/vandamál í baki? Gengist undir aðgerði á stoðkerfi (beinum, liðum eða vöðvum)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>

Undirskrift læknis og stimpill

Sjúkdómur/kvilli	Nei	Já (hvaða sjúkdómur/kvilli)	Greinagerð sérfræðings fylgir
m. Húð Exem, psoriasis, þrálát húðútbrot af öðrum toga, ofnæmi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
n. Geðsjúkdómar Geðhvarfasýki, geðklofa, þráhyggju, persónuleikaröskun, ADHD, kvíðaröskun, eða átröskun? Hefur þú átt við áfengis og/eða fíknivanda að stríða?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>

Ég veiti hér með trúnaðarlækni Vinnuverndar leyfi til þess að afla upplýsinga um heilsufar mitt og lyfjanotkun í Heilsugátt.

Staður

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Ég samþykki að ef trúnaðarlæknir telur ástæðu til getur hann kallað eftir gögnum frá lækni og/eða kallað mig til viðtals og í frekari mat.

Ég hef útfyllt þetta form eftir bestu samvisku og eftir því sem ég veit réttast.

Staður

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Farið er með upplýsingar sem fram koma í þessu eyðublaði sem trúnaðarmál, samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Læknisvottorðið er metið og varðveitt hjá Vinnuvernd, Holtasmára 1, 201 Kópavogi og þangað skal senda það í lokuðu umslagi, merkt „Trúnaðarlæknir – starfsnám lögreglufræðinema“.

Undirskrift læknis og stimpill

2. Hluti Heilbrigðisupplýsingar og skoðun – útfyllist af lækni



Mennta- og
starfspróunarsetri
lögreglu

Æskilegt er að leiðbeiningar fyrir mat á heilbrigði vegna umsóknar um starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu séu hafðar til hliðsjónar við skoðun og mat á heilbrigði umsækjanda.

Nauðsynlegt er að allir reitir séu útfylltir og öllum spurningum svarað, að öðrum kosti telst vottorðið ógilt.

Hefur þú eða annar læknir á þinni heilsugæslustöð sinnt umsækjanda sem heimilislæknir ?

Já Nei Ef nei - hver annar ?

Er lýsing umsækjanda á eigin heilsufari í samræmi við þær upplýsingar sem þú hefur aðgang að ?

Já Nei

Ef nei – hvaða upplýsingar eru rangar eða skortir?

1. Líkamsbygging?	Eðlileg "	Óeðlileg "
	Hæð: _____ sm	Þyngd: _____ kg
	BMI stuðull – kg/m ² :	

2. Augu/sjón	Er litblinda til staðar?	Já " Nei "	
	Til að uppfylla skilyrði þarf umsækjandi að greina litamun á a.m.k 7/10 á Ishihara prófi		
	Sjónmæling	Án gleraugna/linsa	Með gleraugum/linsum
		Hægra auga	Hægra auga
	Sjónsviðsmæling	Vinstra auga	Hægra auga
Hægra auga		Vinstra auga	
Sjónsvið verður að vera minnst 160 gráður í horisontalplani, minnst 70 gráður til hvorrar hliðar og minnst 30 gráður upp og niður þegar horft er beint fram.	Eðlilegt Skert (lýsing)	Eðlilegt Skert (lýsing)	

Undirskrift læknis og stimpill

3. Eyru (heyrnamæling)	Heyrn mælist á tíðnisviðunum 500, 1000, 2000, 4000 og 6000 Hz. Gildin á hvoru eyra mega ekki vera hærri en 35 dB á öllum tíðnisviðum		
Niðurstaða heyrnarmælingar	Hægra eyra -	Fullnægjandi "	Ófullnægjandi "
	Vinstra eyra -	Fullnægjandi "	Ófullnægjandi "
4. Tal (mikið stam, málgallar)	Nei "		
	Já " Nánari lýsing		
5. Lungu - hlustun eðlileg	Nei "		
	Já " Nánari lýsing		
6. Hjarta Hjartalínurit í hvíld	Eðlilegt "		
	Óeðlilegt " Nánari lýsing		
Hjartahlustun	Eðlilegt "		
	Óeðlilegt " Nánari lýsing		
7. Púls og blóðþrýstingur Blóðþrýstingur mældur x3 með a.m.k. 1 mín. millibili	Hraði/min	Rythmi	
	systolisk		
	diastolisk		
8. Kviður	Eðlilegt "		
	Óeðlilegt " Nánari lýsing		
9. Bak og útlimir (stoðkerfismat)	Eðlilegt "		
	Óeðlilegt " Nánari lýsing		
10. Húð	Eðlilegt "		
	Óeðlilegt " Nánari lýsing		

Undirskrift læknis og stimpill

11. Þvaggrannsókn <i>Merkja í reit ef jákvætt</i>	Inniheldur þvag: Eggjahvítu: Já " Nei " Blóð: Já " Nei " Hvít blóðkorn: Já " Nei " Sykur: Já " Nei "
12. Taugaskoðun:	Eðlileg já " nei " Nánari lýsing
13. Geðskoðun	Framkoma og atferli Eðlileg " " Óeðlileg " " Nánari lýsing.
	Geðslag og geðbrigði (lund og líðan) Eðlileg " " Óeðlileg " " Nánari lýsing
	Tal og hugsun Eðlileg " " Óeðlileg " " Nánari lýsing
	Skynjun Eðlileg " " Óeðlileg " " Nánari lýsing
	Innsæi og dómgreind Eðlileg " " Óeðlileg " " Nánari lýsing

Undirskrift læknis og stimpill

14. Er viðkomandi bólu settur gegn:

Lifrabólgu B já nei Stífkrampa já nei

Er það mat þitt að umsækjandi sé heilbrigður og fær til þess starfs sem hann sækir um? Stutt lýsing á heilsufari, líkamsbyggingu og almennu ástandi umsækjanda.

Athugasemdir.

Til lækna sem framkvæma skoðun

Þar sem eyðublað þetta er að finna á Internetinu er beðið um að allar fjórar síðurnar séu stimplaðar svo engin hætta sé á að skilað verði vottorði sem umsækjandi eða jafnvel einhver annar hefur breytt eftir að skoðun fór fram.

Með bestu þökkum.

Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu

Dagsetning og undirskrift læknis ásamt stimpli

Leiðbeiningar fyrir mat á heilbrigði umsækjenda vegna umsóknar um starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu árið 2020

Samkvæmt c- lið 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að nemar í starfsnámi hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu skulu vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast fyrirbyggjandi kröfur til heilsufars sem mennta- og starfspróunarsetur lögreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla. Eftirfarandi viðmið eru sett til að ná fram markmiði laga og reglugerða um val á nemendum í starfsnám en þar segir að einkum skuli þess gætt að velja ekki til starfsnáms einstakling sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari.

Læknisfræðilegu viðmiðin eru unnin af teymi þriggja sérfræðilækna í samstarfi við mennta- og starfspróunarsetur lögreglu og Háskólann á Akureyri.

Trúnaðarlæknir sem sér um að meta læknisvottorð umsækjenda veitir mennta- og starfspróunarsetri lögreglu aðeins upplýsingar um hvort heilsa umsækjanda sé í lagi eða ekki, án frekari skýringa.

Almennt gildir að sjúkdómar eða kvillar sem taldir eru koma í veg fyrir að nemandi geti lokið námi á fullnægjandi hátt útiloka umsækjanda frá starfsnámi við mennta- og starfspróunarsetur lögreglu. Um er að ræða sjúkdóma eða kvilla sem valda

- Varanlegri andlegri og/eða líkamlegri vanfærni
- Varanlegri skerðingu á líkamlegum styrk eða hreyfigetu
- Jafnframt aðrir heilsufarsþættir sem hindra fullnægjandi þátttöku í námi

1. Grundvöllur ákvarðanatöku

1.1 Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir þeim læknisfræðilegu kröfum sem gerðar eru til umsækjanda um starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu.

Við mat á heilbrigði umsækjanda er lögð sérstök áhersla á þá heilsufarsþætti sem hafa þýðingu með tilliti til:

- Heilsu og öryggi umsækjenda
- Líkur á því að umsækjandi hafi líkamlega og/eða andlega getu til þess að ljúka námi
- Heilsu og öryggi annarra einstaklinga og jafnframt með tilliti til samfélagsins í heild.

1.2 Sú lýsing á kröfum til heilbrigðis sem fram kemur í kafla 3 og 4 er hvorki endanlegur eða tæmandi. Því er heilbrigðisvottorð allra umsækjanda metið sérstaklega af trúnaðarlækni sem mennta- og starfspróunarsetur lögreglu velur til þess verkefnis.

2. Læknisfræðilegt mat á heilbrigði umsækjenda

2.1 Heilsufar umsækjenda er metið á grundvelli sérstaks læknisvottorðs, samkvæmt leiðbeiningum mennta- og starfspróunarseturs lögreglu. Í þeim tilvikum þar sem umsækjandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla sem kann vera útilokandi þáttur ber honum að láta fylgja vottorðinu mat eða greinargerð frá sérfræðilækni í viðkomandi sérgrein varðandi þá heilsufarsþætti sem um ræðir, og verður sú greinargerð að berast trúnaðarlækni áður en skilafrestur umsóknargagna rennur út. Trúnaðarlæknir sér um að meta læknisvottorðin og aðrar upplýsingar um heilsufar einstakra umsækjenda

Trúnaðarlæknir mennta- og starfspróunarseturs lögreglu getur krafist nánari upplýsinga um heilsufar umsækjenda sé þess þörf til að leggja fullnægjandi mat á umsókn, þ.m.t. aflað upplýsinga úr Heilsugátt.

2.2 Læknisfræðilegt mat það sem lagt er til grundvallar við mat á heilsufari umsækjenda framkvæmist af lækni með gilt íslenskt lækningaleyfi, sbr. 2. og 6. gr. reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 467/2015. Læknisrannsókn skal helst framkvæmd af sérfræðingi í heimilislækningum sem hefur aðgang að öllum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda.

3. Almennt um heilbrigðiskröfur

3.1 Heilbrigði hvers umsækjenda er metið á grundvelli upplýsinga sem fram koma í læknisvottorði ásamt viðbótargögnum þar sem við á.

Þar sem í leiðbeiningum kemur fram að sjúkdómur sé talinn óæskilegur eða óásættanlegur fyrir starfsnám, er það vegna þess að umræddur sjúkdómur eða kvilli er talinn valda líkamlegri og/eða andlegri færniskerðingu sem dragi úr getu viðkomandi umsækjanda til þess að ljúka starfsnámi á fullnægjandi hátt.

4. Sérstakar heilsufarskröfur

4.1 Sjón

Sjónskerpa þarf að vera a.m.k. 6/6 (1.0) á betra auga og 6/9 á verra auga. Leyfilegt er að uppfylla kröfur til sjónskerpu með notkun sjónglerja eða snertilinsa.

A.m.k. 3 mánuðir hafi liðið frá sjónlagsaðgerð þegar læknisskoðun fer fram.

Sjónsvið verður að vera eðlilegt skv. mælingu með tækjum.

Væg litblinda er leyfð, en ekki algjör litblinda. Umsækjandi þarf að geta greint rétt 7 af hverjum 10 spjöldum á Ishihara prófi.

Skriflegt mat augnlæknis verður að fylgja umsóknum einstaklinga með hrörnunarsjúkdóma í augum sem auka líkur á verulegri sjónskerðingu með tímanum.

4.2 Heyrn og jafnvægi

Krafist er eðlilegrar heyrnar á báðum eyrum án hjálpartækja (eðlileg heyrn skv. HTÍ er heyrn á tíðni talsviðs sem liggur < 35 dB HL að meðalgildi við tíðnirnar 0.5, 1.0, 2.0, 4.0 og 6,0 kHz.)

Sjúkdómar eða kvillar sem hafa í för með sér truflanir á jafnvægi eða jafnvægistilfinningu (svima), hvort heldur sem er stöðugt eða í endurteknum köstum, útilokar umsækjanda frá námi, nema greinargerð sérfræðings í háls-, nef-, og eyrnalækningum gefi tilefni til annars.

4.3 Taugakerfi

Taugasjúkdómar, skemmdir á taugakerfi eða skurðaðgerðir á taugakerfi sem breyta starfsemi miðlægs og/eða útlægs taugakerfis og valda truflunum á jafnvægi, samhfæfingu hreyfinga, starfsemi ósjálfráða taugakerfisins, skerða greind, skilning og valda truflun á sjónskynjun, útilokar umsækjanda frá námi.

Hrörnunarsjúkdómar í taugakerfi útilokar umsækjanda frá námi.

Æðagúlar í höfði útilokar umsækjanda frá námi.

Flogaveiki með flogakasti innan síðustu 10 ára eða notkun flogaveikilyfja á sama tímabili útilokar umsækjanda frá námi.

Góðkynja barnaflog eða Rolandic Epilepsy syndrome útilokar umsækjanda ekki frá námi að því tilskildu að viðkomandi hafi ekki þurft að nota flogaveikilyf frá barnæsku.

4.4 Meðvitundartruflanir og meðvitundartap

Endurteknar truflanir á meðvitund eða meðvitundartap útilokar umsækjanda frá námi, nema greinargerð sérfræðilæknis í taugasjúkdómum og/eða hjartasjúkdómum gefi tilefni til annars.

Drómasýki (narcolepsy) og slekjukast (cataplexy) útilokar umsækjanda frá námi.

4.5 Kæfisvefn

Kæfisvefn getur verið útilokandi þáttur. Krafist er að umsögn sérfræðings sem starfar við svefndeild Landspítala um alvarleika sjúkdómsins fylgi vottorðinu.

4.6 Hjarta og æðakerfi

Sjúkdómar í hjarta og æðakerfi sem geta haft áhrif á meðvitund eða valdið meðvitundarleysi útiloka umsækjanda frá námi.

Umsækjendur sem greinst hafa með meðfædda hjartagalla, áunna hjartasjúkdóma, óeðlileg hjartastarfsemi af öðrum toga svo sem hjartsláttartruflanir og aukahljóð verða að láta skriflegt mat sérfræðings í hjartalækningum fylgja læknisvottorði til að trúnaðarlæknir geti lagt mat á umsókn.

4.7 Lungu og loftvegir

Sjúkdómar sem valda varanlegri skerðing á starfsemi lungna og loftvega, til dæmis langvinn lungnaþemba eru útilokandi þáttur.

Langvinnur bólgusjúkdómur í loftvegum sem þarfnast reglulegrar lyfjameðferðar er útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema fyrir liggja álit sérfræðings í lungnasjúkdómum sem gefur tilefni til að heimila þátttöku.

Alvarlegur astmi sem krefst reglulegrar lyfjameðferðar, með köstum sem hefur verið erfitt að ná stjórn á er útilokandi þáttur.

Ofnæmi með alvarlegum köstum (bráðaofnæmisköstum, anaphylaxis) er útilokandi fyrir þátttöku í náminu. Öll ofnæmi sem hafa klíníska þýðingu og auka líkur á því að umsækjandi gæti ekki klárað menntunina á fullnægjandi hátt eru einnig útilokandi þáttur.

4.8 Nýru og þvagvegir

Alvarlegir, ólæknandi nýrnasjúkómar eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu.

4.9 Meltingarfæri

Alvarlegir langvinnir bólgusjúkdómar í meltingarvegi (til dæmis sáraristilbólga eða Crohns sjúkdómur) eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu. Umsækjandi með mildari tilvik getur verið metinn hæfur ef fyrir liggur álit sérfræðings í meltingarsjúkdómum þess efnis sem trúnaðarlæknir samþykkir.

Aðrir varanlegir eða ólæknandi sjúkdómar sem raska starfsemi meltingarfæra eða skyldra líffæra eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema greinargerð sérfræðings í meltingarsjúkdómum gefi tilefni til annars.

Saga um aðgerðir á görnum vegna þyngdartaps þ.e. magaermi eða hjáveituaðgerð á görnum getur verið útilokandi þáttur nema álit sérfræðilæknis í meltingarsjúkdómum gefi tilefni til annars.

4.10 Efnaskipta- og innkirtlavandamál

Sykursýki sem meðhöndluð er með insúlíni og/eða öðrum blóðsykurslækkandi lyfjum er útilokandi fyrir þátttöku í náminu.

Efnaskipta- og /eða innkirtlavandamál sem hafa klíníska þýðingu eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema greinargerð sérfræðings í efnaskiptasjúkdómum gefi tilefni til annars.

4.11 Blóð

Sjúkdómar sem valda aukinni blæðingarhneigð eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu.

Sjúkdómur í blóði eða blóðframleiðandi líffærum sem hefur í för með sér að umsækjandi geti ekki lokið menntuninni á fullnægjandi hátt er útilokandi fyrir þátttöku í náminu.

Varanleg meðferð með blóðþynningarlyfunum Kóvar (coumarin), NOAC (new oral anticoagulants) eða skyldum lyfjum er útilokandi þáttur.

4.12 Stoðkerfi

Alvarlegir bólgusjúkdómar í liðum (til dæmis liðagigt eða Bekhterev) eða aðrir alvarlegir liðsjúkdómar (til dæmis slitgigt) eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema að álit giktarlæknis liggja fyrir sem gefur tilefni til annars.

Sjúkdómur með klíníska þýðingu, afleiðingar áverka eða meðfædd fötlun í stoðkerfi (beinum, liðum, vöðvum og/eða sinum) er útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema álit bæklunarlæknis eða endurhæfingarlæknis gefi tilefni til annars.

Notkun gerfilims er almennt útilokandi en getur samrýmst þátttöku ef fyrir liggur álit endurhæfingarlæknis sem gefur tilefni til annars.

4.13 Húð

Alvarlegir og langvarandi húðsjúkdómar sem minnka verulega líkur á að umsækjandi gæti lokið menntun á fullnægjandi hátt er útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema sérfræðiálit húðlæknis gefi tilefni til annars.

4.14 Geðsjúkdómar og félagsleg færni

Fyrri saga um geðsjúkdóm eða yfirstandandi geðsjúkdómur s.s. geðklofagreining eða geðhvarfagreining útilokar þátttöku í náminu. Alvarleg persónuleikaröskun er einnig útilokandi þáttur.

Yfirstandandi fíknivandi með notkun á löglegum eða ólöglegum vímuefnagjöfum er útilokandi þáttur.

Hafi umsækjandi fyrri sögu um fíknivanda þarf viðkomandi sannanlega að hafa haldið sig frá misnotkun lyfja og/eða áfengis sl. 2 ár. Umsækjandi skal undirgangast áfengis-, fíkniefna- og lyfjapróf sé þess óskað.

Greiningin ADHD/ADD getur verið útilokandi þáttur, sérstaklega hjá einstaklingum sem eru á lyfjameðferð vegna ADHD. Hafi umsækjandi fyrri sögu um slíka greiningu þarf viðkomandi að leggja fram vottorð sérfræðilæknis í geðsjúkdómum til grundvallar mati trúnaðarlæknis í hverju tilviki.

Taugaþroskavandi og/eða þroskahömlun t.d. Tourette, hamlandi stam eða einhverfurófsraskanir eru útilokandi, nema greinargerð sérfræðilæknis í taugasjúkdómum gefi tilefni til annars.

Saga um annan geðvanda s.s. kvíðaraskanir eða átröskun geta verið eru einnig útilokandi, þar sem þeir einstaklingar teljast vera með skert álagspól, sem dregur verulega líkur á því að viðkomandi geti stundað námið með fullnægjandi hætti. Hjá umsækjendum með slíka sjúkrasögu verður ekki einungis horft til núverandi getu heldur einnig alvarleika fyrri veikindalotna, fjölda veikindatímabila, tímalengd frá síðustu veikindalotu, meðferð og meðferðarárangur. Þessar upplýsingar þurfa að koma fram í greinargerð sérfræðilæknis í geðlækningum sem trúnaðarlæknir styðst við í mati sínu.

Einstaklingar sem þarfnast meðferðar með lyfjum sem hafa sefjandi áhrif á miðtaugakerfi eru teljast ekki uppfylla skilyrði um heilbrigðiskröfur fyrir starfsnám. Krafist er að umsækjendur sem hafa þurft meðferð með kviðastillandi lyfjum, þunglyndislyfjum eða ADHD lyfjum hafi verið án slíkra lyfja í 12 mánuði áður en umsókn er metin. Nauðsynlegt er að greinargerð sérfræðilæknis í geðsjúkdómum varðandi andlegt ástand viðkomandi fylgi umsókninni. Umsækjendur sem um ræðir verða boðaðir í sérstakt mat hjá sálfræðingi og/eða geðlækni meti trúnaðarlæknir að það sé þörf á því.

Viðmið þessi gilda þar til endurskoðun fer fram og eru sett í samræmi við c- lið 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Reykjavík, 20.01.20

Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu